



FJÁRFESTINGARBANKI

Reykjavík, 16. maí 2008

Skipti hf.
b/t: Hr. Lýður Guðmundsson, formaður stjórnar
Ármúla 25,
108 Reykjavík
Iceland

Óháð álit á yfirtökutilboði Exista hf. í Skipti hf.

Þann 7. apríl 2008 fól stjórn Skipta hf. (Skipti), fyrirtækjasviði MP Fjárfestingarbanka hf. (MPB), gerð óháðs álits á yfirtökutilboði Exista hf. (Exista) í Skipti, dagsettu 27. mars 2008.

Exista átti 43,65% hlutafjár í Skiptum og fór með sama hlutfall atkvæðisréttar í félaginu þegar yfirtökutilboðið var gert þann 27. mars 2008.


Þann 7. apríl óskaði stjórn Skipta eftir því við OMX Nordic Exchange Iceland hf. (OMX ICE), að hlutabréf Skipta yrðu tekin úr viðskiptum á aðalmarkaði OMX ICE. Meginástæðan fyrir þeirri ósk var sú að Skipti uppfyllti ekki lengur þau skilyrði sem OMX ICE setur um lágmarksdreifingu á eignarhaldi þar sem stærsti hluthafinn, Exista, hefði tryggt sér yfir 94% hlutafjár í Skiptum.

Þann 14. maí hafði Exista tryggt sér alls 97,59% hlutafjár í Skiptum. Samkvæmt yfirtökutilboðinu mun Exista leggja til við stjórn Skipta að hlutir í eigu annarra fjárfesta verði innleystir með heimild í 110. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (VVL), svo fremi sem Exista hafi ekki tryggt sér 100% hlutafjár í Skiptum við lok yfirtökutilboðsins kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008.

Álit MPB er í samræmi við 104 gr. VVL og byggir, auk þeirra forsenda sem fram koma í tilboðsyfirliti Exista, dagsettu 27. mars 2008, á fjárhagslegri- og markaðslegri stöðu Skipta þann dag sem tilboðið tók gildi, kl. 9 árdegis þann 31. mars 2008.

MPB hefur fengið fullt aðgengi að upplýsingum um Skipti, bæði þeim sem opinberar geta talist sem og áætlunum og upplýsingum frá stjórnendum Skipta. Því byggir álitinu einnig á upplýsingum sem ekki eru aðgengilegar fjárfestum auk viðtala við stjórnendur Skipta.

MPB hefur yfirfarið 3ja ára áætlun Skipta sem og fjárhagslegar niðurstöður fyrir fyrsta ársfjórðung 2008. MPB framkvæmdi sjóðstreymismat á Skiptum auk þess að skoða sambærileg skráð fyrirtæki. Að gefnum þeim forsendum sem að framan greinir, er það mat MPB að yfirtökutilboð Exista þann 27. mars 2008 hafi verið sanngjarnt.



Skipholt 50d
105 Reykjavík
Sími 540 3200
Fax 540 3201
info@mp.is

www.mp.is



Samkvæmt yfirtökutilboðinu er gert ráð fyrir skiptigenginu 0,6574. Fyrir hvern hlut í Skiptum fást því 0,6574 hlutir í Exista. Þar sem Exista er í hópi veltuhæstu félaga á OMX ICE er seljanleiki bréfa Exista mikill. Þar af leiðandi gerir MPB ekki athugasemd við að Exista greiði hluthöfum Skipta með hlutabréfum í Exista. MPB vekur hins vegar athygli á því að þar sem um greiðslu er að ræða í hlutabréfum Exista munu breytingar á verði hlutabréfa Exista hafa bein áhrif á endanlegt verðmæti Skipta.

Samkvæmt yfirtökutilboðinu hefur Exista engar áætlanir um að gera verulegar breytingar á starfsemi og starfsstöðvum Skipta, þ.m.t. störfum og starfsskilyrðum stjórnenda og starfsmanna Skipta. Stjórnendur Skipta hafa jafnframt staðfest að breyting á eignarhaldi Skipta og brotthvarf úr viðskiptum á OMX ICE muni ekki hafa veruleg áhrif á rekstur félagsins.

Það er álit MPB að yfirtökutilboðið muni ekki hafa veruleg áhrif á starfsemi Skipta, starfsaðstöðu, stjórn eða starfsmenn.

Álit MPB er byggt á forsendum sem geta hugsanlega ekki átt við hvern og einn fjárfesti. Það er ekki hlutverk MPB að leggja mat á hvort það þjóni hagsmunum einstakra hluthafa að samþykkja tilboðið eða hafna því. Álit MPB, sem hér er látið í ljós, er til upplýsingar og aðstoðar stjórn Skipta í tengslum við yfirtökutilboð Exista.

Fyrir hönd MP Fjárfestingarbanka hf.

Virðingarfyllst,

Friðrik Einarsson
forstöðumaður fyrirtækjasviðs

